

2. gr.

Aðili sem fær heimild til frjálstrar skráningar skal ekki innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga á milli landa.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálstri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og gildir frá 1. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald til ríkissjóðs.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald - bensíngjald - af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 22,40 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 23,80 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt bensíngjald af innflutningi á bensíni. Frá og með 1. janúar 1993 skal gjald þetta nema kr. 4,50 af hverjum lítra.

3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. taka einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. janúar 1993 hafi ekki verið greitt af þeim gjald skv. reglugerð nr. 257/1989 um bensíngjald með síðari breytingum.

Endurprentað blað.

Gjöldin skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. janúar 1993 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður þess skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1993.

4. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldanna til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að þau séu greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur reglugerð nr. 257/1989 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	91 412	2800 – 2999	150 271
1000 – 1999	116 844	3000 – 3199	156 956
2000 – 2199	123 530	3200 – 3399	163 642,
2200 – 2399	130 215	3400 – 3599	170 326
2400 – 2599	136 900	3600 – 3799	177 012
2600 – 2799	143 585	3800 – 3999	183 697